

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 859/2009

2011/EES/20/20

frá 18. september 2009

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 244/2009 að því er varðar kröfur varðandi vishönnun með tilliti til útfjólublárrar geislunar óstefnuvirkra ljósapera til heimilisnota (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB frá 6. júlí 2005 um ramma til að setja fram kröfur varðandi vishönnun að því er varðar vörur sem nota orku og um breytingu á tilskipun ráðsins 92/42/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB og 2000/55/EB ⁽¹⁾, einkum 1 mgr. 15. gr.,

með hliðsjón af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 244/2009 frá 18. mars 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun óstefnuvirkra ljósapera til heimilisnota ⁽²⁾,

að höfðu samráði á samráðsvettvanginum um vishönnun,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt gögnum sem lögð hafa verið fram í kjölfar samþykktar reglugerðar (EB) nr. 244/2009 verða mörkin, sem sett eru í töflu 5 varðandi útfjólubláa geislun af UVC-tegund, ekki uppfyllt að því er varðar volframhalógenperur án aukahjúps (nánar tiltekið volframhalógenperur fyrir rafveituspennu með G9- og G7-sökkli en einnig halógenperur fyrir mjög lága spennu). Þetta myndi leiða til þess að þessar ljósaperur yrðu bannaðar á innri markaðnum frá 1. september 2009.
- 2) Einungis er fyrirhugað að hætta notkun ljósapera með G9- og R7-sökkli í áföngum þegar til lengri tíma er litið, þar sem þær eru víða í notkun og það liggur ekki fyrir neinn heppilegur valkostur sem gæti passað í lampa sem hannaðir eru fyrir slíkar ljósaperur. Í 21. forsendu reglugerðar (EB) nr. 244/2009 kemur fram að leyfilegt sé að hafa halógenperur með G9- og R7-sökkklum áfram á markaði í takmarkaðan tíma í samræmi við kröfurinnar í þeirri gerð. Í reglugerðinni eru engar upplýsingar um lengd þessa tímabils, en ætlunin var ekki að banna þessar ljósaperur frá 1. september 2009 á grundvelli UVC-geislunar ef þær uppfylla aðrar kröfur reglugerðarinnar.

3) Í 15. gr. tilskipunar 2005/32/EB er gerð krafa um að kröfur varðandi vishönnun hafi ekki áhrif á virkni frá sjónarhóli notandans, þeim fylgi ekki óhóflegur kostnaður, þær hafi ekki umtalsverð, neikvæð áhrif á samkeppnishæfni iðnaðarins og að þær skuli fastsettar að teknu tilliti til viðeigandi löggjafar Bandalagsins.

4) Mikilvægt er að tryggja að öruggt sé að nota ljósaperur, sem settar eru á markað í Evrópusambandinu. Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/95/EB frá 12. desember 2006 um samhfingingu laga aðildarríkjanna um rafföng sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka ⁽³⁾ (lágspennutilskipunin) eru settar reglur um geislun raffanga sem ætluð eru til notkunar við spennu milli 50 og 1000 V við riðstraum og milli 75 og 1500 V við jafnstraum. Geislunarmörk fyrir útfjólubláa geislun eru sett í tengdum, samhföðum stöðlum að því er varðar volframhalógenperur fyrir rafveituspennu og mjög lága spennu (t.d. 12 V og 24 V), en ekki að því er varðar sambyggðar flúrperur. Grundvallaratriði er að í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru ⁽⁴⁾ er gerð krafa um að vörur sem settar eru á markað séu öruggar.

5) Það er nauðsynlegt að tryggja samræmi reglugerðar (EB) nr. 244/2009 við aðra löggjöf Bandalagsins varðandi útfjólubláa geislun óstefnuvirkra ljósapera til heimilisnota. Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 244/2009 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2005/32/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 244/2009

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 244/2009 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 247, 19.9.2009, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2011 frá 11. febrúar 2011 um breytingu á IV viðauka (Orka) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 19, 7.4.2011, bls. xx.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 76, 24.3.2009, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 374, 27.12.2006, bls. 10.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi fyrsta daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. september 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. september 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Andris PIEBALGS

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Kröfur varðandi vishönnun óstefnuvirkra ljósapera til heimilisnota

Í stað töflu 5 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 244/2009 komi eftirfarandi:

„Tafla 5*Kröfur um virkni annarra ljósapera en sambyggðra flúrpera og ljósdíóðopera*

Mælipættir	1. áfangi	5. áfangi
Málgildi endingartíma ljósapera	$\geq 1\ 000$ klst.	$\geq 2\ 000$ klst.
Ljósstreymisheldni	$\geq 85\%$ við 75% af málgildi meðalendingartíma	$\geq 85\%$ við 75% af málgildi meðalendingartíma
Fjöldi á-af-lota	\geq fjórum sinnum málgildi endingartíma ljósaperunnar í klst.	\geq fjórum sinnum málgildi endingartíma ljósaperunnar í klst.
Kveikitími	$< 0,2$ s	$< 0,2$ s
Upphitunartími ljósaperunnar í $60\% \Phi$	$\leq 1,0$ s	$\leq 1,0$ s
Tíðni ótímabærra bilana	$\leq 5,0\%$ við 100 klst.	$\leq 5,0\%$ við 200 klst.
Aflstuðull ljósapera	$\geq 0,95$	$\geq 0,95$ “